

## Ófullkominn leiðarvísir – Litlu grísirnir þrír

Í þessari námseiningu má finna dæmi um merkingarbært nám þegar sameinaðar eru vinnuaðferðirnar sem lagðar eru til í þessari einingu

Fyrst skaltu prófa þessa ófullkomnu æfingu með sögunni um litlu grísina þrjá og svo skoða heildarleiðbeiningarnar og bera saman hugmyndir þínar.

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Nemendur kynna sér sjónarhorn hver annars
- Nemendur hugsa um viðmið
- Nemendur rökræða
- Nemendur læra að vinna með óhlutbundnar hugmyndir
- Nemendur rannsaka orsakir vandamála
- Nemendur beita virkri hlustun hver við annan
- Nemendur hugsa um lausnir og áhrif þeirra
- Nemendur beita rökhugsun
- Nemendur rannsaka annars konar veruleika

### Efni

Þessa vinnuaðferð má nota í kennslustofunni eða gegnum blandað nám ef þú kýst það frekar. Eins er hægt að gera hvort tveggja í bland.

Í kennslustofunni	Blandað nám
Búðu til stór sjónræn rými (spjald eða stór pappír) til að safna hugmyndum fyrir litla hópa (eða allan hópinn í heild sinni), flokka hugmyndir og hugleiða spurningar.	Búðu til stafræn rými til að safna hugmyndum í litlum hópum, flokka/hópa hugmyndir, hugleiða spurningar. Notaðu námstæki úr blönduðu námi s.s. Miro eða Padlet.

**Undirbúningur** Útvegaðu þér eintak af sögunni um litlu grísina þrjá.

→ Undirbúðu sjónrænt stuðningsefni eftir þörfum.

### Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

Útbúðu þínar eigin leiðbeiningar út frá eftirfarandi viðmiðum:

## Vinnuefni – skipulögð ferli

- Byrjaðu á sögunni um litlu grísina þrjá til þess að kynna vandamálið óbeint til sögunnar.
- Reyndu að styðjast við eftirfarandi vinnuaðferðir:
  - *Samkenndarkort*
  - *Vandamálatré*
  - *Vandamálayfirlýsing*
  - *Hönnunarhugsunar-skref*
  - *Umbylting*

Farðu í gegnum vinnuaðferðirnar, fáðu innblástur og prófaðu. Berðu síðan saman við heildardæmið. Hafðu í huga að þetta þjónar aðeins sem dæmi og afbrigðin geta verið mörg. Þetta er bara til að hvetja þig. Að auki þekkir þú þarfir og möguleika nemenda þinna betur en nokkur annar, en einnig kröfurnar í námskránni þinni. Vertu skapandi og njóttu ferlisins!